

Dómsmálaráðuneytið
Samráðsgátt, mál nr. S-95/2026

Reykjavík, 2. september 2026

Efni: Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða um drög að frumvarpi sífjalaganefndar til nýrra hjúskaparlaga

Lífeyrisréttindi, séreignarsparnaður og samspil við lög nr. 129/1997

1. Inngangur

Landssamtök lífeyrissjóða telja jákvætt að leitast sé við að skýra stöðu lífeyrisréttinda við fjárskipti hjóna. Gildandi ákvæði hjúskaparlaga hafa um langt skeið verið ófullkomin að þessu leyti, einkum vegna þróunar lífeyriskerfisins og aukins vægis séreignarsparnaðar.

Slík endurskoðun verður hins vegar að fara fram með skýrum hætti og í fullu samræmi við lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða (lífeyrissjóðalög). Lífeyrisréttindi eru lögbundin og persónubundin framfærsluréttindi sem lúta sérreglum um ávinnslu, ráðstöfun, útgreiðslu, skattlagningu og vernd gegn aðför.

Meginathugasemd umsagnaraðila er sú að frumvarpið þurfi að draga skýrari mörk milli annars vegar fjárskiptaréttarlegs uppgjors milli hjóna og hins vegar lífeyrisréttarlegs sambands sjóðfélaga við lífeyrissjóð eða vörsluaðila. Hjúskaparlög geta mælt fyrir um hvernig fjárhagslegt uppgjör hjóna skuli fara fram, en eiga hins vegar ekki að breyta eðli lífeyrisréttinda eða heimila ráðstöfun þeirra umfram það sem leiðir af lífeyrissjóðalögum.

2. Þrjár stoðir lífeyriskerfisins

Íslenska lífeyriskerfið hvílir á þremur meginstoðum, þ.e. almannatryggingum, skyldubundnum lífeyrissparnaði í lífeyrissjóðum og valkvæðum viðbótarlífeyrissparnaði.

Fyrsta stoðin, almannatryggingar, er opinbert öryggisnet. Önnur stoðin, skyldubundin lífeyrisréttindi, byggist á skylduaðild og lágmarksiðgjaldi samkvæmt lögum nr. 129/1997. Þriðja stoðin, viðbótarlífeyrissparnaður, er valkvæð en er þó eftir sem áður hluti af lífeyriskerfinu. Hún nýtur sérreglna um ráðstöfun, útgreiðslu, aðfararvernd og skattlagningu.

Þessi þrískipta uppbygging skiptir verulegu máli við mat á frumvarpinu. Það er ekki rétt að líta á viðbótarlífeyrissparnað sem venjulegan sparnað eingöngu vegna þess að hann byggist á

valkvæðri ákvörðun rétthafa. Hann er skattalega og réttarfarslega meðhöndlaður sem lífeyrissparnaður, er ætlaður til framfærslu rétthafa/sjóðfélaga við starfslok og framfærslu skylduerfingja að rétthafa látnum. Viðbótarlífeyrissparnaður er því eðlisólíkur öðrum sparnaði. Af þessu leiðir að ef gera á efnisbreytingar á stöðu séreignarsparnaðar eða viðbótarlífeyrissparnaðar ætti slíkt að gerast í lífeyrissjóðalögum eða með skýru og afmörkuðu samspili við þau. Það er varhugavert að breyta eðli réttindanna óbeint með ákvæðum hjúskaparlaga.

3. Almenn afstaða til nýmæla frumvarpsins

Umsagnaraðili telur jákvætt að frumvarpið reyni að breyta réttarstöðunni frá því að svonefnt „endurkaupsvirði“ ráði úrslitum um hvort séreignarlífeyrissparnaður komi til skipta, eins og nú er. Núverandi fyrirkomulag hefur leitt af sér tilviljanakenndar niðurstöður við skiptingu séreignarlífeyrissparnaðar, sem er bagalegt. Aldur rétthafa getur þannig haft úrslitaáhrif við fjárskipti milli hjóna, en ekki sjálft eðli sparnaðarins.

Það er einnig eðlilegt að frumvarpið geri greinarmun á lífeyrisréttindum sem myndast með lágmarksiðgjaldi og viðbótarlífeyrissparnaði sem myndast umfram lágmarksiðgjald. Slík aðgreining er að mati samtakanna málefnaleg. Hins vegar þarf að gæta þess að hugtakanotkun verði skýr og miklu máli skiptir að hún sé ekki breytileg þvert yfir lagabálka. Í drögunum að frumvarpinu virðist ekki skipta höfuðmáli hvert form réttindanna er, heldur fyrst og fremst hvort þau hafi myndast af lágmarksiðgjaldi samkvæmt lögum nr. 129/1997 eða af iðgjaldi umfram það lágmark. Af þeim sökum kann að vera heppilegra að tala í þessu samhengi um réttindi sem myndast af viðbótariðgjaldi eða iðgjaldi umfram lágmarksiðgjald samkvæmt lífeyrissjóðalögum, fremur en að bæta enn einni sjálfstæðri merkingu við hugtakið „viðbótarlífeyrissparnaður.“ Slík hugtakanotkun þarf að samræmast lífeyrissjóðalögum og annarri löggjöf, þar á meðal lögum um almannatryggingar. Að mati samtakanna ættu efnislegar skilgreiningar á tegundum lífeyrisréttinda almennt fremur heima í löggjöf um lífeyrissjóði en í hjúskaparlögum.

Meginatriði umsagnar samtakanna er þó að frumvarpið má ekki leiða til þess að skuldbindingar samtryggingardeilda lífeyrissjóða aukist vegna einkaréttarlegra ráðstafana milli hjóna, hvort sem þær eru gerðar fyrir skilnað, við fjárskipti eða eftir skilnað. Lífeyrissjóðir eru samtryggingarkerfi og skuldbindingar gagnvart einum sjóðfélaga eða maka hans mega ekki aukast á kostnað annarra sjóðfélaga vegna samkomulags eða uppgjörs milli hjóna. Að þessu leyti verður að fylgja ákvæðum laga nr. 129/1997. Sérstaklega þarf að skýra hvernig fara skuli með skiptingu réttinda þegar skilyrði lífeyrissjóðalaga fyrir slíkri skiptingu eru ekki uppfyllt, svo sem vegna aldurs, heilsufars eða annarra skilyrða 3. mgr. 14. gr. laga nr. 129/1997. Það væri óheppilegt ef hjúskaparlög sköpuðu sjálfstæða leið til skiptingar eða ráðstöfunar slíkra réttinda sem lífeyrissjóðalög heimila ekki. Slík niðurstaða gæti raskað tryggingafræðilegum forsendum sjóðanna og skapað réttaróvissu. Má í því samhengi einnig nefna gerð kaupmála, sem samkvæmt 8. gr. lífeyrissjóðalaga er óheimil.

Landssamtök lífeyrissjóða telja því nauðsynlegt að frumvarpið verði skýrt þannig að ákvæði hjúskaparlaga um fjárskipti hafi ekki áhrif á ráðstöfun, útgreiðslu, framsal, veðsetningu eða aðfararvernd lífeyrisréttinda nema slíkt leiði með ótvíræðum hætti af lífeyrissjóðalögum. Ef

réttindi eiga að skiptast með þeim hætti að maki öðlist sjálfstæð réttindi í lífeyrissjóði eða hjá vörsluaðila verður að tryggja að sú skipting fari eftir lögum nr. 129/1997, að skilyrði þeirra laga séu uppfyllt og að heildarskuldbinding lífeyrissjóðs aukist ekki.

4. Kaupmálar og lífeyrisréttindi — 57. og 60. gr.

Sérstaka athygli þarf að beina að ákvæðum frumvarpsins um kaupmála. Í 57. gr. er gert ráð fyrir að samningur um séreign geti tekið til tiltekinna tegunda verðmæta, „þar með talið lífeyrisréttindi“. Í 60. gr. er síðan fjallað um kaupmála um að tiltekin verðmæti komi til skipta, þar á meðal „verðmæti útgreiddra lífeyrisréttinda“.

Afmörkun 60. gr. virðist að meginstefnu rétt. Ákvæðið tekur samkvæmt orðalagi sínu til útgreiddra verðmæta, þ.e. verðmæta sem eru komin til rétthafa og eru til staðar á viðmiðunardegi skipta. Slík verðmæti geta eftir atvikum sætt almennu fjárskiptaréttarlegu uppgjöri milli hjóna, enda sé ekki verið að ráðstafa sjálfum lífeyrisréttindunum gagnvart lífeyrissjóði eða vörsluaðila.

Þetta þarf þó að koma skýrar fram. Kaupmáli samkvæmt hjúskaparlögum má ekki verða túlkaður sem heimild til að breyta rétthafa, greiðsluleið, útgreiðsluskilyrðum eða vernd lífeyrisréttinda. Slík ráðstöfun væri í andstöðu við 8. gr. laga nr. 129/1997, þar sem lagt er bann við því að framselja, veðsetja eða á annan hátt ráðstafa lífeyrisréttindum, nema að því marki sem sérákvæði laganna heimila. Með öðrum orðum, óheimilt er að framselja, veðsetja eða ráðstafa lífeyrisréttindum, hvort sem um er að ræða réttindi sem myndast út frá skylduiðgjaldi eða viðbótariðgjaldi, með kaupmála, erfðaskrá eða hvers konar löggerningi.

Sérstök undantekning á banni 8. gr. lífeyrissjóðalaga er í 3. mgr. 14. gr. laga nr. 129/1997. Þar er mælt fyrir um heimild sjóðfélaga og maka til skiptingar ellilífeyrisréttinda við ákveðin skilyrði. Sú heimild er sérákvæði í lífeyrissjóðalögum og ber að skýra þröngt. Hún verður ekki útvíkuð með almennum ákvæðum hjúskaparlaga um kaupmála.

Umsagnaraðili leggur því til að í 57. og 60. gr., eða a.m.k. í greinargerð með þeim ákvæðum, verði tekið skýrt fram að kaupmáli um lífeyrisréttindi hafi einungis fjárskiptaréttarlegt gildi milli hjóna og bindi ekki lífeyrissjóð eða vörsluaðila nema skilyrði laga nr. 129/1997 séu uppfyllt.

Slík skýring er nauðsynleg til að koma í veg fyrir að hjón, lögmenn, sýslumenn eða skiptastjórar dragi þá ályktun að unnt sé með kaupmála að ráðstafa lífeyrisréttindum með sama hætti og almennum fjárhagslegum eignum.

5. Skipting og uppgjör lífeyrisréttinda — 84. gr.

Ákvæði 84. gr. er eitt mikilvægasta ákvæði frumvarpsins frá sjónarhóli lífeyrissjóðakerfisins. Þar er mælt fyrir um skiptingu og uppgjör lífeyrisréttinda sem koma til fjárskipta. Ákvæðið gerir ráð fyrir að maki geti öðlast sjálfstæð réttindi í lífeyrissjóði eða hjá vörsluaðila annars maka og að réttindi hins skerðist að rétttri tiltölu.

Þessi regla getur aðeins gengið ef hún er tryggingafræðilega hlutlaus og samræmist til dæmis markmiðum 3. mgr. 14. gr. laga nr. 129/1997. Þar kemur skýrt fram að skipting lífeyrisréttinda megi ekki leiða til þess að heildarskuldbinding lífeyrissjóðs aukist.

Þetta er grundvallaratriði því lífeyrissjóðir byggja á samtryggingarkerfi. Ef einkaréttarleg ráðstöfun sjóðfélaga og maka hans leiðir til aukinnar skuldbindingar sjóðsins fellur kostnaðurinn í reynd á aðra sjóðfélaga. Slíkt væri ósamrýmanlegt jafnræði sjóðfélaga og þeim tryggingafræðilegu forsendum sem lífeyrissjóðakerfið byggist á.

Orðalag 84. gr. um að réttindi hins maka skerðist „að réttri tiltölu“ nægir ekki eitt og sér. Það svarar ekki með fullnægjandi hætti hvernig tryggt verði að heildarskuldbinding lífeyrissjóðs aukist ekki. Þá er ekki nægilega skýrt hver ber ábyrgð á útreikningi, hvaða gögn þurfa að liggja fyrir, hvort lífeyrissjóður sé bundinn af fjárskiptasamningi, dómi eða úrskurði, og hvernig fara skuli með kostnað, skattaleg áhrif og kerfislega framkvæmd.

Landssamtök lífeyrissjóða leggja til að eftirfarandi verði skýrt í frumvarpinu:

1. Að skipting lífeyrisréttinda samkvæmt 84. gr. verði aðeins framkvæmd gagnvart lífeyrissjóði eða vörsluaðila að því marki sem hún samrýmist lögum nr. 129/1997.
2. Að skiptingin megi aldrei leiða til aukinnar heildarskuldbindingar lífeyrissjóðs.
3. Að lífeyrissjóður eða vörsluaðili verði ekki bundinn af fjárskiptasamningi eða kaupmála nema form- og efnisskilyrði lífeyrissjóðalaga séu uppfyllt.
4. Að mælt verði fyrir um heimild til setningar reglugerðar um framkvæmd, gögn, útreikning, kostnað og upplýsingagjöf.

Án slíkrar skýringar er hætt á að 84. gr. skapi óvissu um skyldur lífeyrissjóða og vörsluaðila og leiði til ósamræmdrar framkvæmdar.

Kostur núverandi fyrirkomulags samkvæmt 3. mgr. 14. gr. laga nr. 129/1997 er að þar er mælt fyrir um sértæka, afmarkaða og tryggingafræðilega útfærða heimild til skiptingar ellilífeyrisréttinda milli hjóna, byggða á samkomulagi beggja aðila, gagnkvæmri og jafnri skiptingu og skýrum efnislegum takmörkunum. Heimildin er reist á jafnréttis- og sanngirnissjónarmiðum, en er ekki hugsuð sem almennt skilnaðarúrræði, og hún tekur aðeins til ellilífeyrisréttinda en raskar ekki öðrum réttindum í lífeyrissjóði, svo sem örorku-, maka- eða barnalífeyrisréttindum. Hún hefur jafnframt þann mikilvæga kost að framkvæmdin fer fram innan lífeyrissjóðakerfisins sjálfs, með aðkomu viðkomandi lífeyrissjóða, staðlaðri málsmeðferð, heilsufarsmati þegar við á, tryggingafræðilegum útreikningi og þeirri grundvallarreglu að heildarskuldbinding lífeyrissjóðs megi ekki aukast. Þetta fyrirkomulag er því mun betur fallið til að vernda jafnræði sjóðfélaga og tryggingafræðilegan grundvöll sjóðanna en sú almennari regla sem lögð er til í 84. gr. frumvarpsins, þar sem gert er ráð fyrir að maki geti öðlast sjálfstæð réttindi í lífeyrissjóði eða hjá vörsluaðila hins án þess að jafn skýrt sé kveðið á um formskilyrði, framkvæmd, tryggingafræðilegt hlutleysi, heilsufarsforsendur, samþykki sjóða eða bann við aukinni heildarskuldbindingu. Af þessum sökum væri eðlilegt að horfa frekar til þess að styrkja núverandi sérákvæði lífeyrissjóðalaganna.

6. Viðbótarlífeyrissparnaður sem myndast í hjúskap

Frumvarpið gerir ráð fyrir að viðbótarlífeyrissparnaður sem myndast með greiðslu iðgjalds umfram lágmarksiðgjald frá stofnun hjúskapar til viðmiðunardags skipta komi almennt til fjárskipta. Umsagnaraðili telur að þessi regla þurfi nánari rökstuðning og skýrari afmörkun.

Viðbótarlífeyrissparnaður er í eðli sínu persónubundin framfærsluréttindi sem ætlað er að treysta lífeyrissparnað einstaklinga og tryggja þeim betri lífskjör og aukið öryggi á efri árum. Innleiðing hans í íslenska löggjöf var mikilvægt framfaraskref, enda hefur löggjafinn búið honum sérstaka réttarvernd sem endurspeglar þetta hlutverk hans. Sparnaðurinn er frábrugðinn venjulegri bankainnstæðu þar sem hann nýtur sérstakrar verndar gagnvart skuldheimtumönnum, kemur ekki undir skipti við gjaldþrot og lýtur sérstökum reglum um útgreiðslu, ráðstöfun og erfðir. Að rétthafa látnum hefur jafnframt verið talið mikilvægt að skylduerfingjar njóti sparnaðarins beint, utan dánarbús, þannig að skuldheimtumenn í dánarbúi geti ekki umbreytt eðli réttindanna og gengið að fjármunum sem ætlaðir eru til framfærslu og öryggis rétthafa og nánustu fjölskyldu hans. Þótt löggjafinn hafi á undanförunum árum opnað tímabundið eða afmörkuð úrræði til útgreiðslu viðbótarlífeyrissparnaðar, meðal annars vegna efnahagsáfalla, heimsfaraldurs, húsnæðiskaupa og inngreiðslna inn á lán, breytir það ekki grundvallareðli hans sem lífeyrissparnaður. Af þeim sökum er varhugavert að hjúskaparlög verði þannig úr garði gerð að þau grafi undan sérstöðu viðbótarlífeyrissparnaðar sem persónubundinna framfærsluréttinda sem ætlað er að tryggja rétthafa, og eftir atvikum niðjum hans, sveigjanleika, vernd og fjárhagslegt öryggi.

Ef viðbótarlífeyrissparnaður sem myndast í hjúskap á almennt að koma til skipta þarf að skýra nánar hvernig sú regla samrýmist eðli sparnaðarins. Sérstaklega þarf að afmarka hvernig fara skuli með ávöxtun, flutning milli vörsluaðila, ráðstöfun inn á húsnæðislán eða fyrstu íbúð, sameiningu reikninga og aðgreiningu réttinda sem myndast fyrir og eftir stofnun hjúskapar.

Umsagnaraðili telur eðlilegt að hjúskaparréttarleg sjónarmið um fjárhagslega samstöðu hjóna geti haft áhrif við fjárskipti. Sú niðurstaða verður þó að byggjast á skýrum reglum og má ekki leiða til þess að lífeyrissparnaður verði í framkvæmd meðhöndlaður sem almenn bankainnstæða.

7. Viðbótariðgjöld sem mynda samtryggingarréttindi

Skýra þarf sérstaklega hvernig fara skuli með réttindi í samtryggingardeild sem myndast hafa á grundvelli viðbótariðgjalds. Slík ráðstöfun er heimil samkvæmt 8. gr. reglugerðar nr. 698/1998, þar sem kveðið er á um að sjóðfélaga sé heimilt að ráðstafa viðbótariðgjaldi til öflunar lífeyrisréttinda í sameign samkvæmt ákvæðum III. kafla laga nr. 129/1997.

Við slíka ráðstöfun myndast samtryggingarréttindi, þótt uppruni réttindanna sé viðbótariðgjald. Þau réttindi lúta því að meginstefnu sömu reglum og önnur réttindi í samtryggingu, þar á meðal um skiptingu samkvæmt 3. mgr. 14. gr. laga nr. 129/1997. Drög að frumvarpinu virðast ekki breyta þeirri grunnreglu. Á hinn bóginn virðist frumvarpið ganga út frá því að réttindi sem myndast hafa af iðgjaldi umfram lágmarksiðgjald geti komið til skipta við fjárskipti hjóna. Þar skapast óvissa því réttindin eru að formi til samtryggingarréttindi sem sæta sérreglum

lífeyrissjóðalaga, en að uppruna til mynduð af viðbótariðgjaldi sem frumvarpið lætur falla undir skipti í skilnaði hjóna.

Í framkvæmd hefur heimild til ráðstöfunar viðbótariðgjalds til öflunar lífeyrisréttinda í samtryggingu verið lítið nýtt af sjóðfélögum. Af þeim sökum hefur ekki mótast skýr eða samræmd framkvæmd innan lífeyrissjóðakerfisins um nánari túlkun hennar. Sumir lífeyrissjóðir hafa þó sett í samþykktir sínar ákvæði sem gera ráð fyrir heimild til að færa eða umbreyta inneign í séreignarsjóði í samtryggingarréttindi, að nánari skilyrðum uppfylltum. Slík ákvæði byggjast á réttindatöflum í samþykktum sjóðanna, þar sem fram kemur hvernig réttindi myndast miðað við iðgjöld sem greidd eru eða, eftir atvikum, færð til samtryggingar.

Við setningu nýrra hjúskaparlaga kann þetta álítaefni að fá verulega aukna þýðingu. Sjóðfélagi sem á umtalsverða inneign í séreignarsjóði sem myndast hefur af viðbótariðgjaldi, og sem samkvæmt drögum að frumvarpinu gæti komið til fjárskipta, kynni að óska eftir því við lífeyrissjóð sinn að inneignin eða þau viðbótariðgjöld sem greidd hafa verið til sjóðsins verði færð eða metin til öflunar samtryggingarréttinda. Þá gæti sú staða skapast að verðmæti sem ella kæmu til fjárskipta yrðu færð yfir í réttindaform sem að meginstefnu stendur utan skipta. Slík niðurstaða gæti farið gegn markmiðum frumvarpsins og skapað hvata til réttindabreytinga í aðdraganda eða tengslum við fjárskipti hjóna.

Af þessum sökum er brýnt að löggjafinn skýri með ótvíræðum hætti hvernig fara skuli með slík samtryggingarréttindi til að koma í veg fyrir ósamræmda framkvæmd milli lífeyrissjóða og ófyrirsjáanleika við skilnað. Nauðsynlegt er að skýra framkvæmdina með ótvíræðum hætti. Það liggur ekki nægilega ljóst fyrir hvort lífeyrissjóðum yrði ætlað að upplýsa sérstaklega um það við hjónaskilnað að tiltekin samtryggingarréttindi hafi myndast af viðbótariðgjaldi, hvernig slík upplýsingagiöf ætti að fara fram með öruggum, skilvirkum og samræmdum hætti, eða hvernig lífeyrissjóður ætti að bregðast við ef maki gerði kröfu um að slík réttindi féllu undir fjárskipti. Þá þarf að skýra hvort og að hvaða marki slík krafa gæti komið til framkvæmda ef skilyrði 3. mgr. 14. gr. laga nr. 129/1997 væru ekki uppfyllt.

Í þessu sambandi verður jafnframt að horfa til tryggingafræðilegra áhrifa. Skipting eða fjárskiptaleg meðferð samtryggingarréttinda sem myndast hafa af viðbótariðgjaldi má ekki leiða til þess að heildarskuldbinding lífeyrissjóðs aukist. Slík niðurstaða væri í andstöðu við það grundvallarsjónarmið lífeyrissjóðalaga að einkaréttarlegir gerningar milli hjóna eigi ekki að raska tryggingafræðilegum forsendum sjóðsins eða leggja auknar skuldbindingar á aðra sjóðfélaga.

8. Núgildandi 102. gr. og sanngirnismat

Í gildandi hjúskaparlögum hefur verið gengið út frá þeirri meginreglu að lífeyrisréttindi standi almennt utan skipta, nema sérstakar aðstæður mæli gegn því að undangengnu heildstæðu sanngirnismati. Dómaframkvæmd hefur síðan mótað nánari línur, meðal annars um endurkaupsvirði séreignarlífeyrissparnaðar.

Landssamtök lífeyrissjóða telja rétt að nágildandi lagaákvæði verði fært til nútímahorfs. Það er ekki æskilegt að endurkaupsvirði ráði sjálfstætt úrslitum um fjárskiptalega stöðu séreignarsparnaðar. Slík regla getur leitt til tilviljanakenndrar niðurstöðu.

Á hinn bóginn er mikilvægt að glata ekki þeirri grunnhugsun sem býr að baki gildandi 102. gr. Lífeyrisréttindi, hvort sem þau myndast út frá skyldu- eða viðbótariðgjaldi, eru persónuleg framfærsluréttindi sem almennt eiga ekki að sæta sömu meðferð og venjulegar eignir, en unnt er að leiðrétta niðurstöðu ef ósanngjarnt væri að halda þeim alfarið utan skipta.

Því kynni að vera skynsamleg nálgun að hjúskaparlög byggðu áfram á heildstæðu sanngirnismati varðandi lífeyrissparnað, en setji skýrari markmið. Þar mætti líta til lengdar hjúskapar, fjárhagslegrar samstöðu hjóna, verkaskiptingar á heimili, skerðingar á lífeyrisávinnslu annars maka, aldurs, framtíðaraflahæfis, tegundar réttinda og þess hvort um skyldubundin lágmarksréttindi eða valkvæðan viðbótarsparnað sé að ræða.

9. Upplýsingagjöf, framkvæmd ábyrgð og kostnaður

Frumvarpið mun óhjákvæmilega kalla á aukna upplýsingagjöf frá lífeyrissjóðum og vörsluaðilum. Það þarf að skýra með ótvíræðum hætti hvaða upplýsingar þeim ber að veita, hverjum, á hvaða grundvelli og með hvaða réttaráhrifum.

Greina þarf á milli upplýsinga um greidd iðgjöld, innstæðu í séreign, áunnin réttindi í samtryggingu, réttindi sem myndast hafa af lágmarksiðgjaldi, viðbótarlífeyrissparnað, ávöxtun og útgreiðslur. Þá þarf að skýra hvort lífeyrissjóðum og vörsluaðilum sé ætlað að framkvæma fjárskiptalegt verðmat eða einungis veita upplýsingar um réttindi.

Landssamtök lífeyrissjóða telja mikilvægt að lífeyrissjóðir og vörsluaðilar verði ekki settir í stöðu skiptastjóra eða matsaðila. Ef þeim er ætlað að framkvæma sérhæfða útreikninga eða réttindaskiptingu þarf að mæla fyrir um það með skýrum hætti, þar á meðal um kostnað og ábyrgð. Vegna þessa þarf að greina hvort rétt sé að lífeyrissjóðum verði samhliða veitt heimild til gjaldtöku, eftir umfangi.

10. Tillögur umsagnaraðila

Landssamtök lífeyrissjóða leggja til að drög að frumvarpi verði ítarlega yfirfarin með tilliti til ákvæða er viðkoma lífeyrisréttindum hjóna. Að lágmarki þarf að huga að eftirfarandi atriðum:

1. Tekið verði fram að ákvæði hjúskaparlaga breyti ekki eðli lífeyrisréttinda samkvæmt lögum nr. 129/1997. Lagaleg hugtök sem gilda um og skilgreina lífeyrissparnað eiga heima í lífeyrissjóðalögum.
2. Áréttað verði að kaupmáli samkvæmt 57. eða 60. gr. hafi ekki áhrif gagnvart lífeyrissjóði eða vörsluaðila nema skilyrði lífeyrissjóðalaga séu uppfyllt.
3. Skýrt verði að 60. gr. taki aðeins til útgreiddra og sérgreinanlegra verðmæta, en ekki til ráðstöfunar óútgreiddra lífeyrisréttinda.

4. Bætt verði við 84. gr. að skipting lífeyrisréttinda meggi ekki leiða til aukinnar heildarskuldbindingar lífeyrissjóðs.
5. Skýrt verði að 84. gr. sé ekki sjálfstæð heimild til ráðstöfunar lífeyrisréttinda umfram 8. gr. og 3. mgr. 14. gr. laga nr. 129/1997.
6. Sett verði reglugerð um framkvæmd skiptingar, útreikning, gögn, ábyrgð, kostnað og upplýsingagjöf.
7. Hugtakanotkun verði samræmd þannig að skýr greinarmunur sé gerður á séreign samkvæmt hjúskaparlögum og séreignarlífeyrissparnaði, tilgreindri séreign, bundinni séreign og fjálsri séreign samkvæmt lífeyrissjóðalögum.
8. Reglur um viðbótarlífeyrissparnað sem kemur til skipta verði rökstuddar nánar og afmarkaðar með tilliti til ávöxtunar, tímamarka, flutnings milli vörsluaðila og ráðstöfunar inn á húsnæði.

10. Niðurlag

Landssamtök lífeyrissjóða styðja það markmið að skýra stöðu lífeyrisréttinda við fjárskipti milli hjóna. Slík skýring er nauðsynleg og tímabær. Frumvarpið tekur á raunverulegum vanda, einkum þeirri óvissu sem skapast hefur um endurkaupsvirði og stöðu séreignarlífeyrissparnaðar. Á hinn bóginn þarf að gæta þess að lausnin skapi ekki nýjan vanda.

Hjúskaparlög geta ákveðið hvernig fjárhagslegt uppgjör hjóna fer fram, en þau eiga ekki að breyta lífeyrisréttindum í almenn ráðstöfunarverðmæti. Ráðstöfun, framsal, veðsetning og skipting lífeyrisréttinda verður áfram að fara eftir lögum nr. 129/1997. Sérstaklega þarf að tryggja að skipting réttinda auki ekki heildarskuldbindingu lífeyrissjóðs og raski ekki jafnræði sjóðfélaga.

Að mati umsagnaraðila hefur ekki verið sýnt fram á að knýjandi þörf sé fyrir jafn viðtækar breytingar á meðferð lífeyrisréttinda við fjárskipti hjóna og frumvarpið gerir ráð fyrir. Unnt er að leysa þau álitaefni sem frumvarpinu er ætlað að leysa með því að bregðast við þeim með markvissari og afmarkaðri hætti, meðal annars með skýrari viðmiðum um sanngirnismat, samræmingu hugtaka og nánari tengingu við sérreglur laga nr. 129/1997. Verði engu að síður ákveðið að fylgja þeirri leið sem drögin að frumvarpi marka, er brýnt að málið verði vandað sérstaklega, áhrif þess á lífeyrissjóði, vörsluaðila og sjóðfélaga greind til hlítar og nauðsynlegar breytingar gerðar áður en frumvarpið verður lagt fram. Réttaröryggi, fyrirsjáanleiki og jafnræði sjóðfélaga mæla eindregið gegn því að jafn viðamiklum breytingum á samspili hjúskaparréttar og lífeyrisréttar verði hraðað í gegn án fullnægjandi útfærslu.

Með framangreindum skýringum og breytingum má ná því markmiði frumvarpsins að auka fyrirsjáanleika og sanngirni við fjárskipti hjóna án þess að raska grundvallarskipan lífeyriskerfisins.

F.h. Landssamtaka lífeyrissjóða

Þórey S. Þórðardóttir
framkvæmdastjóri

Þórey Sigríður Þórðardóttir



Undirritað af:
Þórey Sigríður
Þórðardóttir
1709674539
Dags: 01.09.2026
Tími: 15:28:34
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: f0b34ef0-8ddf-
44f0-83c6-9dba37e74a92